

AUGLÝSING um deiliskipulag í Reykjavík.

Spöng í Borgarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 samþykkt deiliskipulag, þar sem gerð er grein fyrir uppbyggingu á einingu E í verslunar- og þjónustumiðstöð í Spöng í Borgarholti.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ármúli 13 og Suðurlandsbraut 14.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér endurskoðun á lóðamörkum Ármúla 13 og Suðurlandsbrautar 14, ásamt endurskoðun á bílastæðafjölda, fermetrafjölda og nýtingarhlutfalli.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur: Laugavegur, Frakkastígur, Hverfisgata, Vitastígur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 26. október 1999 samþykkt deiliskipulag reits, sem markast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vitastíg.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nauthólsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Nauthólsvík.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.